

1860.

1860.

14. janúar.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsnefndar ríkisþingsins, um 10000 dali til fjárkláðans.

Um leið og eg sendi nefndinni breytingaratkvæði það, er hér fylgir, til fjárhagslaganna fyrir komanda ár, leyfi eg mér að taka fram ástæður þær, er nú skulu greindar, fyrir breytingaratkvæði þessu.

Eptir að dómsmálastjórnin, samkvæmt fjárhagslögunum fyrir yfirstandanda ár, hafði fengið 30,000 dali til umráða vegna fjárkláðans á Íslandi, var, eptir þegnlegri uppástungu þessa stjórnarráðs, umboðsskrá samin fyrir dýralækni, prófessor Tscherning, og skjalavörð Jón Sigurðsson, og skyldu þeir sem sérstaklegir erindsrekar stjórnarinnar ferðast um Ísland og gjöra allar þær ákvarðanir, er þeim mætti virðast nauðsynlegar til að varna útbreiðslu sýkinnar. Hæðan voru og sendir tveir dýralæknar og einn aðstoðarmaður með erindsrekunum.

Erindsrekar þessir hafa nú lokið starfi sínu á Íslandi, og eru komnir hingað aptur; þar á móti hafa þeir skilið eptir á Íslandi dýralækna þá, er hæðan voru sendir, til að leiðbeina og standa fyrir lækningunum. Auk þessa hefur stjórnin að ráði erindsrekanna sett nefnd í Reykjavík, sem skyldi hafa það starf á hendi, að styrkja valdstjórnina til að koma fram ráðstöfunum þeim, er erindsrekarnir höfðu gjört til að útrýma sýkinni. Eptir skýrslum erindsrekanna má nú álíta að sýkin sé upprætt, að minnsta kosti í þeim hêruðum í suðurumdæminu, þar sem hún var almennt og lækningar hafa verið við hafðar. Samt sem áður hafa hinir konunglegu erindsrekar í bréfi, dags. 9. þ. m., ráðið til, að frá stjórnarinnar hálfu yrði haft vakanda auga á sýkinni enn þá um nokkurn tíma, nefnilega allt árið sem nú er að líða; skyldi það sumpart falið nefndinni á hendur, þeirri er fyr var getið, og sumpart hlutaðeigandi yfirvöldum. Af þessu getur nú á fjárhagsári því, er í hönd fer, risið nokkur kostnaður, og það er heldur ekki með öllu ugglaut, að ekki kynni

að brydda á sykkinni aptur í sveitum þeim, sem hún hefur gengið í, eða annarstaðar á landinu. Erindsrekarnir hafa því ráðið stjórninni til, að sjá svo fyrir, að hún gæti haft fè það til taks, er þurfa kynni til þessa augnamiðs, næsta fjárhagsári. Þeir hafa og, eptir því sem næst varð komizt, gjört þá áætlun, að af þeim 30,000 ríkisdöllum, sem á yfirstandanda fjárhagsári voru veittir vegna fjárkláðans, muni ganga hèrumbil 20,000 til að koma fram ráðstöfunum þeim, sem þeir hafa gjört í máli þessu. Erindsrekarnir hafa því næst álitit það nauðsynlegt, að á næsta fjárhagsári væru til taks allt að 10,000 döllum, hvað sem uppá kynni að koma.

Þó að stjórnin nú hafi von um, að ekki þurfi að halda lækningunum áfram lengur en fjárhagsár það, er nú er að líða, eða þá að minnsta kosti, að ekki muni ganga eins mikið fè til þeirra, eins og erindsrekarnir hafa stungið uppá, hlýtur það þó að virðast nauðsynlegt, einkum ef svo skyldi fara, að kláðinn kæmi upp einhverstaðar aptur, að stjórnin geti fengið ráð yfir allt að 10,000 ríkisdöllum til þessa augnamiðs.

Loksins má þess geta, að eins og nú stendur lítur út fyrir, að meira muni verða eptir þetta fjárhagsár af þeim 30,000 döllum, er veittir voru í fjárhagslögum 30. desember 1858, 14. gr. 22. tölulið, en erindsrekarnir hafa gjört ráð fyrir.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á 27. janúar.

Íslandi, um bætur til sveitarsjóða í Rangárvalla sýslu.

Á hinu síðasta alþingi bar þingmaður Rangvellinga fram bænarskrá þess efnis, að nokkrum sveitarsjóðum í Rangárvalla-sýslu yrði veitt fullt endurgjald úr almennum sjóði fyrir það af fè þeirra, er varið hafði verið til þess að borga með hin *tessiersku* böðunarmeðöl, er við höfð voru við sauðfænað í sýslu þessari. Um málefni þetta ákvað alþingi 21. júlím. f. á., að forseta þingsins skyldi falið á hendur að bera það undir stjórnina. Eptir þessu hefur því forsetinn, examinatus juris Jón Guðmundsson, í bréfi 19. sept. f. á., er hann beina leið sendi dómsmálastjórn-